

Fréttir af þróunarverkefninu

Virðing og jákvæð samskipti

Apríl 2007

Kæru foreldrar

Í þessu fréttabréfi sem er annað í röðinni af fréttabréfum sem tileinkuð eru þróunarverkefninu okkar *Virðing og jákvæð samskipti*, ætlum við að kynna ykkur lífsgildið sem við munum vinna með á vormánuðum. Við höfum ákveðið að taka fyrir lífsgildið **virðingu** með áherslu á virðingu fyrir sjálfum okkur og öðrum. Við höfum sett okkur tvíþætt markmið í þessari áætlun, þau eru eftirfarandi:

1. Að efla sjálfsvirðingu barnanna

Undirmarkmið:

- Að styrkja sjálfstraust barnanna
- Að styrkja sjálfsmynd barnanna
- Að börnin átti sig á sterkum hliðum sínum



2. Að efla virðingu barnanna fyrir öðrum

Undirmarkmið:

- Að efla virðingu barnanna fyrir bæði börnum og fullorðnum.
- Að efla virðingu barnanna fyrir þjóðum heimsins.

Við byrjum á að leggja áherslu á sjálfsvirðinguna sem er í raun undirstaða þess að geta borið virðingu fyrir öðrum. Síðan færum við okkur smátt og smátt yfir í hin markmiðin. Að sjálfsögðu er þetta ekki svona aðskilið í raun og veru heldur eru markmiðin nátengd og fléttast saman.

Til umhugsunar:

Virðing er að vera sátt við sjálfan sig

Virðing er að vita að ég er einstök og mikils virði

Virðing er að meta sjálfan sig

Virðing er að vita að ég er kærleiksrík og hæf

Virðing er að vera ánægður með hver ég er

Virðing er að hlusta á aðra

Virðing er að vita að aðrir eru líka mikils virði

Virðing er að koma vel fram við aðra

Á starfsmannafundi í febrúar s.l. ræddi starfsfólkið hugmyndir sínar um hvað virðing er. Eftirfarandi er afraksturinn af þeirri umræðu.


Hvað er virðing:

- Að vera sannur og heiðarlegur
- Að vera hreinskilinn
- Að hlusta á aðra
- Að gera sér grein fyrir því að ekki eru allir endilega á sömu skoðun
- Að geta sett sig í spor annarra
- Að sýna kærleika – að þykja vænt um aðra
- Að hugsa áður en maður talar
- Að vera varfærinn og grandvar
- Að vera jákvæður
- Að sýna þolinmæði

Hvers vegna ættum við að temja okkur

virðingu:

- Til þessa að geta lifað saman í sátt og samlyndi
- Til að öllum geti liðið vel
- Til að geta treyst öðrum og aðrir geti treyst okkur
- Til að geta átt gott líf



Hvernig temjum við okkur

virðingu:

- Með því að hlusta á hvert annað
- Með því að tala fallega við hvert annað
- Með því að vera sáttur við sjálfan sig
- Með tillitssemi og umburðarlyndi
- Með viðurkenningu
- Með þolinmæði
- Með því að treysta sjálfum okkur
- Með því að sýna og taka ábyrgð
- Með því að þykja vænt um sjálfan sig og aðra

Í vinnunni okkar með **virðingu** ætlum við að reyna að efla vissa þætti í leikskólastarfinu og vinna meira með þá. Umræðan og vinnan með virðinguna á að geta fléttast inn okkar daglega starf. Við munum tengja starfið virðingu, bæði í samverustundum, hópastarfi og sal. Leikræn tjáning er kjörin til að efla sjálfstraust og sjálfsvirðingu barnanna. Því ætlum við að fara mikið í allskonar æfingar og leiki. Ýmsir leikir eru góðir til að efla samvinnu og munum við velja leiki með það í huga.

Hægt er að sjá verkefni sem búið er að vinna í tengslum við virðingu inn á deildunum t.d. plaköt barnanna á Vinakoti þar sem að þau segja frá sjálfum sér og í hverju þau eru góð. Á Sælukoti er verið að gera svipuð plaköt og mæla hæð barnanna. Á Kátakoti hrósum við börnunum þegar að þau sýna virðingu með því að hlusta og vera góð við hvert annað.

Umfram allt einbeittir starfsfólkið sér að því að koma fram af virðingu og vera góðar fyrirmyndir barnanna.

Með vinsemd og virðingu, starfsfólk Gefnarborgar